

Skipulag næsta tvær vikur frá mánudaginn 20. apríl til föstudagsins 30. apríl.

Við höldum áfram með skipulagið sem þið þekkið, nemendur í litlum hópum og kennarar og starfmönnum skipt í tvennt. Við erum ánægð með skipulagið og teljum að farið sé eftir leiðbeiningum Víðis!

Mánudaga verða allir þeir nemendur sem eru í skólanum frá 8:25 til 14:30. Athugið að það er breytt tímasetning og ekki verður skólavist hjá yngri nemendum heldur kennsla.

#### Hópur 1:

Ásólfsstaðir, Hagi, Ásar, Laxárdalur, Steinsholt, Glóruhlíð, Árneshverfi, Bjarkarlaut, Knarraholt, Hæll, Þrándarholt og Þrándarlundur

#### Hópur 2:

Brautarholt, Húsatóftir, Hlemmiskeið, Hraunbrún, Birnustaðir, Fjall, Skarð og Sandlækjakot

Mánudagur 20. apríl	Þriðjudagur 21. apríl	Miðvikudagur 22. apríl	Sumardagurinn fyrsti	Föstudagur 24. apríl
Hópur 2	Hópur 1	Hópur 2		Hópur 1

Mánudagur 27. apríl	Þriðjudagur 28. apríl	Miðvikudagur 29. apríl	Fimmtudagur 30. apríl
Hópur 1	Hópur 2	Hópur 1	Hópur 2

#### Kennslustofur:

Hópnum sem mætir í skólann er skipt í tvo hópa. Yngri nemendum er kennt í Kátalandi og eldri nemendum er kennt í Móalandi.

Þegar nemendur eru heima fá þeir verkefni til þess að leysa. Í eldri deildinni notum við Microsoft Teams í samskiptum við nemendur. Yngri deildin verður með heimavinnubingó og dagbók, þar sem fram koma fyrir mæli frá kennurum.

#### Frímínútur:

Nemendur eru inni og úti í frímínútum til skiptis, til þess að hóparnir haldist aðskildir. Mikilvægt er að nemendur séu vel klæddir og í skófatnaði sem hæfir veðri. Við munum fara út á hverjum degi og hreyfa okkur.

#### Mötuneyti:

Nemendur koma með nesti í morgunkaffi en fá áfram hádegismat í Árnesi. Borðað er í tvennu lagi.

**Veikindi:**

Mælst er til að nemendur sem eru með kvef, hiti eða annað sem svipar til covid-19 einkenna mæti ekki í skólann.

Ef foreldra óskar þess að halda nemendum sínum heima vegna undirliggjandi sjúkdóma hjá nemendum eða áhættu innan fjölskyldunnar verða foreldra að meta það, láta skólann vita og sinna heimakennslu sem kennarar skipuleggja.

Landlækniembættið bjó til upplýsingar fyrir börn, sjá

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item39944/Hallo%20eg%20heiti%20korona.pdf>